

Eftir að vitnaleiðslunni var lokið, krafðist hr. Leópold, að Jóni Treverton væri slept úr fangelsinu. Eftir nokkrar umræður samþykkti dómariinn kröfu þessa og fanginn var frjáls.

---

#### 45. KAPÍTULI.

Þegar Desrolles yfirgaf þorpið Hazlehurst, var hann hinn ánægðasti. Hann hafði innunnið sér stórkostlegar árlegar tekjur, og ætlaði nú að ferðast úr borg í borg og frá einu landi til annars og lifa heiðarlega.

Hann áleit París vera fyrstu og hentugustu biðstöðina á skemtifærð sinni; en þegar þangað kom, gleymdi hann öllum góðu áformunum sínum. Hann var gagnkunnugur í borginni, því þar hafði hann verið í mörg ár meðan hann var á þroskaskeiði sínu. Vinsölubúðirnar á hverju götuhorni voru honum ofraun. Ekki skeytti hann um skraut eða fegurð og heimsótti því fyrst af öllu sínar gömlu hólur.

Fyrir mörgum árum síðan hafði hann átt heima í stúdentadeili borgariunar; þar hafði hann drukkið og þar hafði hann eytt peningum sínum, og þangað fór hann nú.

Húsið, sem Desrolles hafði búið í, var enn við líði, þrátt fyrir allar breytingar þar í grendinni; en mjög hrörlegt.

Hann gekk inn í vinsölukjallarann, og spurði, hvort nokkurt herbergi væri fáanlegt til leigu.

“Það er alt af autt pláss handa einstaklingum”, svaraði fjörug stúlka fyrir innan búðarborðið. “Það er fallegt lítið herbergi autt á fimta lofti”.